

Nd.

**735. Nefndarálit**

[90. mál]

um frv. til laga um lántökuheimild til eflingar Landhelgisgæslunnar.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin ræddi frumvarpið á fundum sínum fyrir þinghlé og fékk til fundar við sig forstjóra Landhelgisgæslunnar og ráðuneytissjóra fjármálaráðuneytis og dómsmálaráðuneytis.

Frumvarpið er flutt til staðfestingu á bráðabirgðalögum, sem sett voru 29. júlí 1975, þegar ríkisstjórnin ákvað að kaupa nýja Fokker-vél til landhelgisgæslu frá hinum hollensku verksmiðjum.

Þegar bráðabirgðalög þessi voru sett lá fyrir að 80% kaupverðsins fengist að láni hjá framleiðanda. Miðað við grunnverð flugvélarinnar og áætlaðar verðhækkanir á smíðatíma var hér um að ræða 7 milljónir gyllina, sem þá jafngiltu tæplega 450 milljónum króna. Síðan hefur gengi gyllinis breyst nokkuð þannig að þessi upphæð er nú um 470 milljónir króna.

Heimildir skortir enn fyrir þeim 15%, sem greiða þarf við afhendingu flugvélarinnar á árinu, svo og til að endurgreiða bráðabirgðalán, 5% af kaupverðinu, sem greitt var við samningsgerð. Þá er kaupverð vélarinnar ekki miðað við hinn sérstaka tækjabúnað, sem nauðsynlegur er vegna gæslustarfa vélarinnar.

Með hliðsjón af framansögðu og frekari athugun nefndarinnar er nauðsynlegt að afla frekari heimildar en frumvarpið gerir ráð fyrir, eða 600 milljónir króna, vegna kaupa á gæsluflugvél fyrir Landhelgisgæsluna. Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGARTILLÖGU:**

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 600 milljónum króna, eða jafngildi allt að 9 milljóna gyllina, vegna kaupa á gæsluflugvél fyrir Landhelgisgæsluna, og allt að 140 milljónum króna vegna endurbóta á varðskipinu Óðni, og verða lánin að hluta til tekin erlendis.

Alþingi, 11. maí 1976.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Tómas Árnason.
Ey. Kon. Jónsson.	Lúðvík Jósepsson. Gylfi Þ. Gíslason.	Þórarinn Þórarinsson.